

**Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins
Hornafjarðar, nr 75/1999 – drög til 1. umræðu í bæjarstjórn.**

1. gr.

B. liður : Nefndum verður fækkað úr 11 í 10. Ný nefndarskipan verður eftirfarandi :

B. liður 57. gr verður svohljóðandi:

1. Atvinnumálanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer einnig með hlutverk ferðamálanefndar, landbúnaðarnefndar og gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og tilnefnir búfjárefirlitsmenn sem ráðnir eru af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
2. Byggingar- og skipulagsnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer einnig með hlutverk samgöngunefndar.
3. Félagsmálaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráði eru jafnframt falin verkefni barnaverndarnefndar skv. 10. gr.laga nr. 80/2002 og 10. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
4. Hafnarstjórn Hornafjarðarhafnar. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Stjórnin er jafnframt rekstrarstjórn hafnarinnar.
5. Heilbrigðis- og öldrunarráð. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999
6. Húsnæðisnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
7. Kjörstjórn. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara sbr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Undirkjörstjórnir er heimilt að kjósa síðar fyrir hverja kjördeild, þrjú aðalmenn og þrjú til vara. (Sjá C. liður hér að neðan).
8. Menningar- og tómstundanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og bókasafns skv. ákvæðum laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn.
9. Skólanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Skólanefnd fer með hlutverk leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994.
10. Umhverfisnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast störf náttúruverndarnefndar skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og stjórn fólkvangs í Óslandi, sbr. auglýsingu nr. 427/1982.

Lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn 5. maí 2006